

**Sp.**

**141. Tillaga til þingsályktunar**

[123. mál]

um sjóvinnuskóla eða sjóvinnunámskeið á Siglufirði.

Flm.: Jón Kjartansson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að vinna að því í samráði við bæjarstjórn Siglufjarðar að koma á fót sjóvinnuskóla eða sjóvinnunámskeiðum á Siglufirði.

**Greinargerð.**

Sjómennska er ein af meginstöðum íslenzks atvinnulífs. Það er því þjóðfélagsleg nauðsyn að búa vel að þeim, er sjómennsku stunda. Þeir, sem við hana fást, þurfa og að kunna vel til verka. Það er því mikilvægt, að þeir eigi kost á starfsmenntun og verkþjálfun. Þá starfskunnáttu og reynslu fá ungmenni auðvitað fyrst og fremst á sjónum og undir handleiðslu reyndra sjómanna. Það er þó vafalaust hægt að kenna ungmennum ýmis vinnubrögð, er að sjómennsku líta, í skóla eða á námskeiðum. Það er einmitt þörf á því að taka upp skipulega þjálfun sjómannsefna með einum eða öðrum hætti. Með því að koma á fót sjóvinnunámskeiðum eða sjóvinnuskóla mætti efalaust vekja áhuga ungra manna á þessari atvinnugrein, en þess er einmitt mikil þörf. Slíkur skóli eða námskeið gæti efalaust stuðlað að aukinni verklegri menningu í þessari mikilvægu atvinnugrein. Slíkur skóli mundi væntanlega verða til þess að auka veg sjómannastéttarinnar. Auk þess koma hér til greina ýmiss konar vinnubrögð í sambandi við sjóvinnu, þótt ekki sé beinlínis um sjómennsku að ræða. En allir ættu að geta orðið sammála um, að Íslendingum beri að leggja alveg sérstaka rækt við menntun og starfsþjálfun þeirra, er við hvers konar sjóvinnu fást. Þar megum við sízt af öllu vera eftirbátar annarra.

Það fer vel á því, að slíkum skóla eða námskeiðum væri valinn staður á Siglufirði. Á Siglufirði hafa löngum átt heima góðir sjómenn. Afkoma Siglufjarðar hefur bvgæzt á siávarafla og vinnslu hans. Síldin var lengi vel aðaluppistaðan í atvinnulífi Siglfirðinga. Síldarleysið hefur orðið fáum stöðum meiri hnekkir en Siglufirði. En Siglfirðingar hafa ekki lagt árar í bát. Þeir hafa reynt að bæta úr áfallinu með því að snúa sér að öðrum veiðum og fiskvinnslu. Samt hefur Siglufjörður óneitanlega verið í lægð um skeið. Það mundi verða Siglfirðingum til hvatningar, ef slíkur skóli yrði staðsettur á Siglufirði. Þar mun fáanlegt hentugt húsnæði fyrir slíkan skóla, þar sem jafnframt væri hægt að hafa heimavist fyrir utanbæjarnemendur, sem þangað mundu efalaust sækja.